

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag lögbýlis úr landi Þingdals í fyrrum Villingaholtshreppi.*
Gert er ráð fyrir nýju lögbýli á 60,1 ha útskiptri jörð úr landi Þingdals. Á 15.000 m² byggingarreit er heimilt að byggja eitt íbúðarhús, allt að 800 m² að stærð, og eitt aukahús allt að 150 m² að stærð. Auk þess er heimilt að reisa útihús, s.s. gripa- og/eða aðstöðuhús, sem mega vera allt að 1.300 m², en útihús og íbúðarhús skulu aldrei vera stærri að brúttófleti en 1.500 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2007.
2. *Deiliskipulag fyrir Hallanda 2 í fyrrum Hraungerðishreppi.*
Í deiliskipulaginu eru markaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús, hesthús, geymslu, skemmu og tvö smáhýsi. Heimilt er að reisa allt að 250 m² íbúðarhús og að auki 80 m² bílageymslu. Grunnflötur hesthúss má vera allt að 400 m², grunnflötur skemmu allt að 2.000 m² og grunnflötur geymslu má era allt að 80 m². Auk þess má byggja tvö, allt að 25 m², smáhýsi.
Samþykkt í sveitarstjórn 26. október 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. desember 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2007